

### Flóka­gata, stí­gur milli Rauðar­ár­stí­gs og Lönguhlíðar

Óskað er heimildar til verkhönnunar og gerðar útboðsgagna fyrir sameiginlegan göngu- og hjólastíg samsíða Flóka­götu við Klamb­ratún milli Rauðar­ár­stí­gs og Lönguhlíðar. Stefnt er að framkvæmdum 2020. Kaflinn er um 400 m langur.


Engin gangstétt er við Flóka­götu á þessum kafla og hefur lengi verið óskað eftir henni af íbúum. Forhönnun gerir er ráð fyrir um 3 m breiðum stíg með bættri lýsingu á göngubverunum. Hluti stígsins var kosinn inn í verkefninu Hverfið mitt haustið 2018. Í stað þess að gera malastíg hluta leiðarinnar líkt og tillagan þar gerði ráð fyrir er nú gert ráð fyrir að gera stíg alla leið með föstu yfirborði. Hluti kostnaðar við framkvæmdina verður greiddur af verkefninu Hverfið mitt. Myndirnar að neðan sýna frumdrög hönnunar og sýna því fleira en stígin sem kemur til framkvæmda nú. Hjólastígur er merktur á Flóka­götu á þessum kafla í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 en hann er þó ekki stofnstígur.

Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar

*Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir*

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Yfirverkfræðingur samgöngumála



Mynd 1 Aðalskipulag Reykjavíkur 2010 – 2030 Hlíðar, Holt, Norðurmýri. Borgarhluti 3. Svæðið sem um ræðir er innan gula hringsins.



Mynd 2 Frumdrög hönnunar að stíg meðfram Flólagötu milli Rauðarstígs og Lönguhlíðar.